

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum sem kosnir eru á stofnfundi. Meiri hluta stjórnar þarf til að skipa nýjan mann í stjórn og samþykki 4ra stjórnarmanna til að víkja manni úr stjórn. Stjórnin skiptir með sér verkum.

6. gr.

Stjórnarfundi skal boða með minnst 3ja daga fyrirvara og er fundurinn lögmætur ef meiri hluti stjórnar mætir. Stjórnin skal halda fundargerðarbók um það sem gerist á fundum, ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður stjórnar.

7. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Ársreikningar skulu vera í samræmi við almennar viðurkenndar reikningsskilavenjur á hverjum tíma og endurskoðaðir af kjörnum skoðunarmönnum.

8. gr.

Breyta má skipulagsskrá þessari ef 4 stjórnarmanna samþykkja það. Verði stofnunin lögð niður þarf samþykki 4ra stjórnarmanna til þess og renna þá eigin stofnunarinnar til héraðsnefndar Vestur-Húnavatnssýslu.

Leita skal samþykkis dómsmálaráðuneytis á skipulagsskrá þessari og breytingum sem á henni kunna að verða gerðar.

Svo samþykkt á stofnfundi Verslunarminjasafns á Hvammstanga þann 11. apríl 1996.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkyæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. október 1996.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 567

28. október 1996

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 9/1996 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur.

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið í umboði fjármálaráðuneytisins að breyta tímamarki því sem skattstjórur er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust að lokinni álagningu opinberra gjalda á skattaðila gjaldárið 1996.

Skattstjórar skulu hafa lokið við að úrskurða kærur vegna álagningar gjalda á tekjur ársins 1995 og eigna í lok þess árs 20. desember 1996 í stað 28. október 1996.

Reykjavík, 28. október 1996.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.